

|   |  |  |
|---|--|--|
| Nr.: GAT-045<br>Útgáfa: 08<br>Dags.: 30.08.2011<br>Höfundur: HRS<br>Samþykkt:SHJ<br>Síða 1 af 2 | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b><br><br><b>Tréstigar</b><br><b>TRS102</b><br><b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b> |  |
|---|--|--|

|                |                        |               |     |
|----------------|------------------------|---------------|-----|
| <b>Kennari</b> | Halldór Torfi Torfason | <b>Sk.st.</b> | HTT |
|----------------|------------------------|---------------|-----|

## TRS 102 Tréstigar

### Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um smíði tréstiga innanhúss með áherslu á algengustu útfærslur þeirra, samsetningar, smíði og yfirborðsmeðferð. Nemendur læra að búa til skapalon í fullri stærð eftir teikningum og hvernig þau eru notuð til að smíða þrep, stigakjálka og stigahandrið með rimlum m.m. Nemendur fá þjálfun í að smíða tréstiga eða einstaka hluta þeirra í smækkaðri mynd og nota til þess hefðbundin áhöld og algengar trésmíðavélar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og er áfanginn bæði ætlaður húsamíðum og húsgagnasmiðum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- geti valið heppilegt smíðaefni með tilliti til útfærslu og notkunar
- þekki smíðaefni sem notað er í tréstiga og handrið innanhúss
- þekki límtré og notkun þess í þrep, uppstig og kjálka á tréstigum
- kunni skil á smíðisfestingum til notkunar við samsetningu tréstiga
- þekki notkun prófila úr málmi og plasti á tréstiga og handrið
- kunni skil á áhöldum og tækjum til smíði tréstiga og handriða innanhúss
  - geti valið og haldið við áhöldum fyrir smíði tréstiga og handriða
  - geti valið trésmíðavélar og rafmagnshandverkfæri til stigasmíði
  - þekki uppbryggingu og notkun hjólsaga og bandsaga í smíði tréstiga
  - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað áhalda og tækja
- þekki samsetningaraðferðir á tréstigum og handriðum innanhúss
  - þekki samsetningar með bæði grötun og smíðisfestingum á tréstigum
  - þekki uppsetningu og festingu handriða við stigakjálka og í vegg
  - hafi innsýn í formlímingu á bognum smíðishlutum í kjálka og handrið
  - geti valið þvingur og pressur fyrir smíði tréstiga og handriða
  - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað varðandi smíði stiga og handriða
- kunni skil á yfirborðsmeðferð tréstiga og handriða innanhúss
  - þekki aðferðir og efni til að yfirborðsmeðhöndlala tréstiga og handrið
  - geti valið slípi- og lökkunarkerfi fyrir mismunandi viðartegundir
  - þekki öryggisrástafanir við yfirborðsmeðferð á tréstigum og handriðum
- geti smíðað snúinn tréstiga með eða án handriðs og sett upp
  - geti smíðað þrep og kjálka á snúinn tréstiga með viðeigandi samsetningum
  - geti búið til skapalon í fullri stærð eftir stigateikningum
  - geti smíðað rimla, handrið og stigastólpa eftir því sem við á
  - geti sett saman tréstiga í samræmi við kröfur um málsetningu og útlit

### Efnisatriði/kjarnahugtök

Einfaldur stigi, hornstigi, snúinn stigi, kvartsnúinn stigi, hálfsnúinn stigi, hringstigi, pallstigi, stigapallur, lúgustigi, tröppur, þrep, bratti, uppstig, framstig, þrepabréð, táborð, skrefalengd, ganghæð, ganglína, stigakjálki, bakkjálki, framkjálki, trappa, hæð stiga, frágangsþrep, stigalengd, stigahandrið, rim, handlisti, stigastólpi, stiganef, stigaprófill, einfalt grat, tvöfalt grat, töppun, smíðistengi, skapalon, sérupprdrættir, tálguhefill, bandsög.

|                   |   |   |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                       |  |
| Útgáfa: 08        |   |   |
| Dags.: 30.08.2011 |   |   |
| Höfundur: HRS     |   |   |
| Samþykkt:SHJ      |   |   |
| Síða 2 af 2       | <b>Tréstigar<br/>TRS102<br/>Kennsluáætlun vorönn 2015</b> |   |

| Vika    | Námsefni (verklegur hluti)  | Skilatími – Vægi        |
|---------|---|-------------------------|
| 2       | Kynning á verkefnum annarinnar og fleira tengt sveinsprófi.<br>(Skerping, mælingar, sögun , fræsing og módelsmíði). |                         |
| 2 – 11  | LHÚ104  |                         |
| 12 – 17 | Snúinn stigi  | 21. apríl – 100% TRS102 |
| 17 - 18 | Lokafrágangur á verkefnum, skrásetning og hengslun hurða, undirbúningur fyrir sveinspróf.                           |                         |

Athugið: Með vikunúmerum er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

#### Námsmat:

Áfanginn er próflaus en verkefni verður metið á skiladegi. Við mat verður horft til skilnings, framtaks, nákvæmni, umgengni, ástundunar og árangurs.

#### Dagsetning:

---

Undirritun kennara

---

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils